

Umhverfisnefnd Rangárpings ytra 2014-2018

6. fundur haldinn þriðjudaginn 19.maí kl. 13 – 14. í Miðjunni. Mættir eru, Anna María Kristjánsdóttir, Hjalti Tómasson, Guðni Kristinsson frá Eignaumsjón, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Haraldur Birgir byggingafulltrúi, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Elsa Ingjaldsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Anna María bauð fundargesti velkomna og fór aðeins yfir það sem við viljum geta gert betur varðandi umhverfismál, hreinsun við fyrirtæki og íbúðarhverfi.

Elsa Þakkaði fyrir að fá að vera með okkur og fór yfir það sem þau hjá Heilbrigðiseftirlitinu geta hjálpað okkur með. Númerslausa bíla sem eru utan lóðar er hægt að seta á límmiða og verður sveitarfélagið þá að fjarlægja þá eftir 10 daga og koma á geymslusvæði. Fyrirtæki sem ekki eru að halda sínu svæði snyrtilegu getur Heilbrigðiseftirlitið sent bréf og gengið svo eftir því að farið verði í hreinsunaáttak. Annað er okkar að vinna, umhverfisnefndar og byggingafulltrúa, senda bréf á þá sem þurfa þykir, sem dæmi ef um gáma og stóra kofa ef að ræða innan lóðar og bíflök og annað sem ætti að vera t.d. á öðrum stað.

1. Geymslusvæði, Ágúst talaði um að verið væri að vinna að því að koma upp geymslusvæði á Hellu þar sem að fólk gæti leigt sér lóð/ svæði fyrir eitt og annað sem erfitt væri að vera með heima á lóð.
2. Gámasvæði, Ágúst sagði að verið væri að skoða það að opna gámasvæði á Hellu og við Vegamót, þar sem svæðin yrðu vöktuð. Þetta er þá helst hugsað fyrir sumarbústaða eigendur.
3. Elsa bað um að fá upplýsignar frá okkur varðandi fyrirtæki sem safna óþarfa drasli á lóðina sína, svo eftir er tekið, og ætlar hún svo að senda bréf á þau fyrirtæki og fylgja því eftir með heimsóknum.
4. Gáma á lóðum / kofa. Við tókum smá rúnt um þorpið að sýndum Elsu nokkara lóðir þar sem gámum hefur verið komið fyrir á litlum lóðum og einnig númerslausa bíla utan lóðar og fannst henni nauðsynlegt að senda bréf á þessa íbúa þar sem það er ekki löglegt að hafa svona byggingar innan lóðar. Það er þá byggingafulltrúi sem sendir þessi bréf.
5. Umræður um að halda hreinsunardag í sveitarfélaginu sem jafnvel yrði unnið af sjálfbóðaliðum og /eða íþróttafélögunum, svo væri hægt að hafa grill og sprell fyrir þáttakendur eftir hreinsun. Flokka ruslið og kannski halda brennu ? Gæti orðið árlegur viðburður ef vel heppnast.
6. Fráveitumál, Ágúst kom aðeins inn á fráveitumálin og telur að við getum verið ánægð með stöðuna eins og hún er í dag. Gildin voru mjög lág sem mæld voru 2012, viljum fá Heilbrigðisnefnd til að mæla þessi gildi og sjá hvað við þurfum að fara í miklar framkvæmdir til að allt sé í góðu lagi. Elsa talar um tveggja þrepa hreinsun, og tekur

að það sé ekki erfitt að taka sýni og halda öllu í lagi. Þurfum jafnvel ekki að fara í fjárfrekar aðgerðir ef allt er að virka vel.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.